

HVERFISRÁÐ LAUGARDALS

Ár 2015, miðvikudaginn 25. febrúar kl. 16:33, var haldinn 126. fundur hverfisráðs Laugardals. Fundurinn var haldinn í Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis, Síðumúla 39. Viðstödd voru: Heiðar Ingi Svansson, Kristín Elfa Guðnadóttir, Björn Jón Bragason, Sigríður Jóhannsdóttir sem situr fundinn í forföllum Söndru Berg Cepero og Sigurður Þórðarson áheyrnarfulltrúi.

Starfsmenn og aðrir sem sátu fundinn: Lilja Sigrún Jónsdóttir frá Íbúasamtökum Laugardals, Eyrún Magnúsdóttir frá Ungmennaráði Háaleitis og Laugardals, Aðalbjörg Traustadóttir og Sigtryggur Jónsson framkvæmdastjórar og Baldur Örn Arnarson sem ritaði fundargerð.

Petta gerðist:

1. Fram fer umræða um undirbúning íbúafundar á vegum hverfisráðs Laugardals sem fram fer mánudaginn 23. mars n.k.
2. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs dags. 12. janúar 2015 þar sem óskað er eftir umsögn hverfisráðsins. Erindið inniheldur drög Umhverfis- og Skipulagssviðs dags. 12. janúar 2015 að lýsingu varðandi breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkurborgar 2010-2030 vegna reits 27, þróunarsvæði nr. 44, Kirkjusandur – miðsvæði M6b. Í breytingunni felst að endurskilgreina mögulegan fjölda íbúa á svæðinu.

Ákveðið að óska eftir kynningu frá umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar á næsta fund ráðsins.

Umsögn hverfisráðs frestað.

3. Lögð fram umsókn samtakahópsins Laugarnes á ljúfu nótonum dags. 12. febrúar 2015 um styrk vegna árlegrar vorhátíðar.

Ákveðið að styrkja samtakahópin Laugarnes á ljúfu nótonum um 150.000kr. vegna vorhátíðarinnar þann 10. maí 2015.

4. Fram fer kynning á tillögum Ungmennaráðs Laugardals og Háaleitis.

Hverfisráð Laugardals styður tillögur ungmennaráðsins.

Ákveðið að vísa tillögunum til umhverfis- og skipulagssviðs.

5. Fram fer kynning á menningarstefnu Reykjavíkurborgar og aðgerðaáætluninni Menning er mannréttindi.
6. Fram fer kynning á skipulagsbreytingum á Velferðarsviði sem tóku gildi frá og með sunnudeginum 15. febrúar 2015.
7. Áheyrnafulltrúi Íbúasamtaka Laugardals lagði fram tillögu um að íbúafundurinn þann 23. mars mun bera yfirskriftina Laugardalur í fortíð, nútíð og þátíð.

Tillagan samþykkt einróma.

Fundi slitið kl. 17:55

Heiðar Ingi Svansson (Sign)

Sigríður Jóhannsdóttir (Sign)
Björn Jón Bragason (Sign)

Kristín Elfa Guðnadóttir (Sign)